Umhverfisstofnun
Áb. KG
04 MARS 2003
Tilv. UST20030200016

UST
Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Ísland
(+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

**Nefndasvið Alþingis**
**Umhverfisnefnd**
**Austurstræti 8-10**
**150 Reykjavík**

3. mars 2003
Skjalanúmer: 110-0
Tilvísun: U20030200016/kg

**Þingsályktunartillaga um grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 27. mál**

Vísað er til erindis umhverfisnefndar, dags. 30. janúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um þingsályktunartillögu um grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 27. mál. Hinn 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun við verkefnum og hlutverki Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, hreindýraráðs og dýraverndarráðs. Stofnun hefur víðtækt hlutverk tengt náttúru landsins og notkun náttúrufarskorta.

Umhverfisstofnun styður heilshugar að aukinn kraftur verði settur í skipulega skráningu og kortlagningu á náttúru Íslands. Góð grunngögn eru grundvallaratriði í stjórnun náttúruauðlinda, mat á verðmæti og skipulagning nýtingar. Stofnunin telur álíka mikilvægt að slíkar upplýsingar verði öllum aðgengilegar og því nauðsynlegt að ríkisvaldið hlutist til um söfnun þeirra upplýsinga og útgáfu.

Virðingarfyllst,

Davíð Egilson
forstjóri

Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður

Afrit: Umhverfisráðuneytið